

# Mat á samverustundum í Núpi haustið 2023

Samverustundir eru fastur liður í dagskipulagi Núps. Þar gefst börnum og kennurum tækifæri til að spjalla saman um það sem vekur áhuga barnanna hverju sinni og eiga rólega stund saman.


Á haustönn 2023 voru samverustundirnar metnar.

## Framkvæmd

Allt starfsfólk fékk spurningalista sem það svaraði nafnlaust. Á listanum voru 13 atriði sem starfsmenn mátu á fimm atriða skala auk tveggja opinna spurninga. Listinn var saminn af aðstoðarleikskólastjóra og tekið var mið af Skólanámsskrá Núps. Markmiðið var að fá fram upplýsingar um viðhorf starfsfólks til samverustunda auk innihalds samverustunda. 22 starfsmenn svöruðu listanum.

Tveir elstu árgangar leikskólans mynduðu rýnihópa barna. Tekin voru 8 rýniviðtöl þar sem 3-5 börn voru í hóp. Með stuðningi ljósmynda mátu börnin ólík viðfangsefni samverustunda með svokölluðu "demantamati" þ.e. börnin röðuðu viðfangsefnunum upp í "demant" þar sem eitt atriði trónir á toppnum og er þar af leiðandi skemmtilegast að mati hópsins og eitt er neðst og þar af leiðandi minnst skemmtilegt

Auk demantamatsins voru börnin spurð opinna spurninga og vangaveltur þeirra skráðar niður.



## Niðurstöður

### Starfsmenn

Niðurstöður spurningalistana voru teknar saman og svörunum gefið vægi á skalanum 1-10. Meðaleinkunnir voru reiknaðar út og þær litakóðaðar. Atriði sem fengu yfir 7,5 í meðaleinkun teljast vera áscættanleg. Ekkert atriði fékk undir 6 í meðaleinkun en nokkur atriði mætti bæta.

	A	B	C	D	Veit ekki/á ekki við	Samtals	Meðaltal		
Mér gengur vel að stýra samverustundum		8	11	2		1	21	8,2	
Mér finnst skemmtilegt að stýra samverustundum		4	12	4		2	20	7,5	
Á á auðvelt með að fá hugmyndir að fjölbreyttum samverustundum		4	6	8		4	18	6,9	
Hópastærðin í samverustundum er hæfileg á minni deild		4	11	3	1	3	19	7,4	
Mér gengur vel að hafa stjórn á hópnum í samverustundum		4	9	8	1		22	6,8	
Ég þjálfa málgreind í samverustundum		11	4	2	2	3	19	8,2	
Ég þjálfa tónlistargreind í samverustundum		8	6	3	2	3	19	7,6	
Ég þjálfa rök- og stærðfræðigreind í samverustundum		1	7	3	1	10	12	6,7	
Ég þjálfa umhverfisgreind í samverustundum		1	7	3	2	9	13	6,3	
Ég þjálfa samskiptagreind í samverustundum		9	5	1	2	5	17	8,1	
Ég þjálfa rýmisgreind í samverustundum			8	3		11	11	6,8	
Ég þjálfa sjálfsþekkingargreind í samverustundum		7	6	3	1	5	17	7,8	
Ég þjálfa líkams- og hreyfigreind í samverustundum		5	7	7	1	2	20	7,0	
<p>A= Frábært, á nánast alltaf við- Einkunn 10.            B= Gott, á oftast við - einkunn 7,5            C= Ágætt, á oft við en í sumum tilfellum gæti þetta verið betra- einkunn 5            D= Óviðunandi, þetta þarf að bæta- einkunn 2,5</p>									

Í opnum svörum starfsmanna kom fram að almennt nýtur fólk þess að stýra samverustundum. Þegar fólk var beðið um að segja frá því sem þeim þætti skemmtilegt voru svörin fjölbreytt. Mörg nefndu að þeim þætti skemmtilegt og

gefandi að eiga samtál við börnin og skemmtilegast væri þegar tekst að vekja áhuga barnanna og þau eru virkjuð til þátttöku. Mörgu starfsfólki þykir skemmtilegt að lesa fyrir börn og syngja með þeim.

Þegar fólk var spurt hvað þeim þætti erfitt við samverustundir var mun meiri samhljómur í svörunum. Nánast allir starfsmenn nefna að það sé erfitt þegar hópar eru of stórir, þegar illa gengur að ná til barnanna, þau eru óróleg og þegar samsetning hópsins er krefjandi. Nokkrir nefndu að þeim þætti erfitt að finna upp á einhverju skemmtilegu og áhugaverðu að gera.

## **Rýnihópar Barna**

Börnunum þótti mjög skemmtilegt að taka þátt í rýnihópum og sjá mátti að þeim fannst þau vera að vinna mikilvægt starf. Þau voru ekki vön þessu verklagi og þurftu svolitla aðstoð við að átta sig á í hverju verkefnið fólst.

Almennt voru börnin jákvæð og vildu helst ekki segja að neitt væri leiðinlegt. Söngur, lestur, Lubbastundir, leikir og spjall voru það sem oftast var sagt að væri skemmtilegast. Dreifingin var góð og greinilegt að allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi í samverustundum.

Í opnum svörum barnanna kom fram að mörg upplifa óþægindi vegna hávaða frá öðrum börnum í samverustundum. Sum segja að það sé erfitt að sitja lengi kyrr og erfitt ef maður þarf að bíða.

Opnu svörin gáfu líka til kynna að börnin eru almennt meðvituð um að þau eru að læra margt í samverustundum. Þau nefndu hluti eins og sönglög, bókstafina, vera góð hvert við annað og að hlusta á kennarann.

## **Umbætur**

Ljóst er að of mörgu starfsfólki reynist erfitt að fá hugmyndir af fjölbreyttum samverustundum. Einnig upplifir fólk mikla streitu tengda hópastærð og hegðun barna. Börn eiga erfitt með að sitja lengi og bíða auk þess sem þau kvarta mörg undan truflun og hávaða frá öðrum börnum.

Vel gengur að tryggja að allar greindir fái sitt pláss í samverustundum, þó eru umhverfisgreind, rýmisgreind og rök- og stærðfræðigreind sjaldnar viðfangsefni samverustunda. Það er getur þó vel átt sér eðlilegar skýringar og vert er að kanna betur hvort unnið er með þessar greindir í öðrum þáttum starfsins

Í ljósi þessara niðurstaðna eru eftirtaldar umbætur laggðar til:

- Hugmyndabanki samverustunda, sem er til á öllum deildum, verði geymdur á áberandi stað þar sem allir starfsmenn hafa greiðan aðgang

að honum. Deildarstjórar tryggji að starfsfólk hafi tíma til að líta yfir hann á 6-8 vikna fresti

- Hugmyndabanka samverustunda verði bætt inn í möppu með lesefni fyrir nýtt starfsfólk.
- Reynslumeiri kennarar miðli af reynslu sinni og þekkingu á samverustundum á skipulagsdegi.
- Deildarstjórar skipuleggji starf deildanna þannig að minnka megi hópa í samverustundum og setji mönnun þeirra í forgang.
- Huga að því að stytta tímann sem börnin sitja í samverustundum, sérstaklega yngri börn. Betra er að stundirnar séu styttri og fleiri, en að upplifun barnanna verði neikvæð.

Nóvember 2023

Áslaug Pálsdóttir Ragnheiðardóttir tók saman